

Fordæmalítið blíðviðri í sunnlenskum réttum



Hrunaréttir 2022. Réttir hafa farið vel fram í fordæmalitlu blíðviðri á Suðurlandi undanfarnar vikur, en þær síðustu, Selvogsrétt og Austur-Landeyjaréttir verða haldnar á sunnudag. Mynd: Helga R. Einarsdóttir.



Sveinn Aðalsteinsson frá Orkídeu og Jón Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra. Mynd: Aðsend.

Viljayfirlýsing um græna iðngarða undirrituð

Orkídea, samstarfsverkefni um nýsköpun, og sveitarfélagið Rangárþing ytra hafa undirritað viljayfirlýsingu um samstarf um að koma á fót Grænum iðngarði í sveitarfélaginu. Grænn iðngarður nær yfir ákvæðið svæði með ólíkum fyrirtækjum þar sem fyrirtækin leitast við að ná betri nýtni auðlinda, hreinni framleiðslu, stuðla að samvinnu fyrirtækja, draga úr loftslagsbreytingum og mengun ásamt því að fylgja félagslegum stöðlum, samnýta innviði og öðlast betri stýringu á áhættu. Grænn iðngarður er liður í því að byggja upp hringrásarkerfi í framleiðslu, sem byggjast á því að lágmarka úrgang og hámarka nýtingu auðlinda. Jafnframt gefa iðngarðar, grænir sem aðrir, færi á sameiginlegum innkaupum orku og þjónustu sem er hagfelld fyrir einstök fyrirtæki iðngarðsins.

Orkídea og Rangárþing ytra munu vinna sameiginlega að kortlagningu á heppilegri atvinnustarfsemi og viðskiptatækifærum sem gætu átt heima innan Græns iðngarðs, kortlagningu hindrana og kynningu á möguleikum Græns iðngarðs. Orkídea mun leita upplýsinga og gagna sem geta nýst verkefninu og aðstoða sveitarfélagið í undirbúningi þess. Rangárþing ytra mun fyrir sitt leyti stýra skipulagsvinnu og sýn fyrir garðinn. Aðilar yfirlýsingar munu hafa samvinnu um að útvega fjármagn til stofnunar garðsins með umsóknarvinnu og/eða samtölum við opinbera aðila og fjárfesta.

Skoðuð verða sérstaklega verkefni á sviði nýsköpunar í matvælaframleiðslu, líftækni og sjálfbærni sem gætu átt heima í Grænum iðngarði.

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

**Komdu í kaffi
og kíktu á sólpallinn!**



Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFOSSI





Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa, langafa og bróður,

Sæmundar Hrólfssonar
Austurmýri 3, Selfossi.



Heiðrún Hallgríms
Ólafur Jóhann Sæmundsson Elín Árnadóttir
Björn S. Sæmundsson Binna Júlía Guðmundsdóttir
Magnús Þ. Magnússon
Rósa B. Sæmundsdóttir Sverrir Ingimundarson
Jóhanna F. Sæmundsdóttir Birkir G. Guðnason
barnabörn, barnabarnabarn og systkini hins látna.

Kartöflugeymslan Selfossi, Ártúni

Kæri notandi!
Ákveðið hefur verið að taka á móti kartöflum til geymslu.

Laugardaginn 24. september Kl. 13 - 15.
Laugardaginn 1. október Kl. 10 - 12 og 13 - 15.

Gjaldið verður 2500 kr. fyrir básinn. Þeir sem hafa lykil að geymslunni en ætla ekki að nota hana eru beðnir að skila honum á sama tíma.

Stjórnin



Starfsmaður Óskast

Vélsmiðja Suðurlands óskar eftir að ráða járnsmið/vélvirkja eða starfsmann vanan málmsmiði. Erum staðsett á Selfossi Framtíðarstarf í boði.

Umsóknir sendist á velsud@velsud.is

**VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980



Máttur myndlæsis

málþing um myndlæsi
á Listasafni Árnesinga í
Hveragerði 24.sept.
Kl: 13:00-15:00

Fyrirlesarar eru:

Ragnheiður Vignisdóttir, fræðslustjóri
hjá Listasafni Íslands, Ingibjörg Hannesdóttir,
verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá
Listasafni Reykjavíkur, Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir,
myndlistarmaður og Magnús Dagur Sævarsson,
myndlistarkennari og listamaður.



SASS
SAMTÖK
ÁRTÚNA OG
SÝNINGAFRÆÐINGA



Benedikt búálfur í Hveragerði

Leikfélag Hveragerðis varð 75 ára fyrr á árinu, en félagið var stofnað 23 febrúar 1947. Af því tilefni var ákveðið að setja upp ævintýrið um búálfinn geðþekka og ævintýri hans, hann Benedikt búálf. Leikritið er unnið upp úr fyrstu bókinni um Benedikt, höfundur er Ólafur Gunnar Guðlaugsson Tónlistina samdi Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson en söngtextana sömdu þau Andrea Gylfadóttir og Karl Ágúst Úlfsson

Verkið hefst á því að Dídí mannabarn rekur augun í Bene-

dikt, þar sem hann stendur með handklæði um sig miðjan, á baðherberginu hennar nýkomnann úr baði. En búálfar eru aðeins sýnilegir mannabörnum þegar þeir eru blautir!

Örlög búálfa eru með þeim ósköpum að þegar þeir lenda í þeim hremmingum að verða mannabörnum sýnilegir, þá ráða mannabörnin hvað verður um þá.

Benedikt og Dídí verða góðir vinir og lenda í miklum ævintýrum og mikilli hættu í Álfheimum, en allt fer þó vel að

lokum. Leikstjóri sýningarinnar er Gunnar Gunnsteinsson, danshöfundar eru Maria Araceli og Baldvin Alan Torarensen. Frumsýning verður laugardaginn 24. september.

MIDASALA FER FRAM Á
TIX.IS

Sýningar eru áætlaðar í október og nóvember en sýnt verður í Leikhúsinu í Hveragerði, að Austurmörk 23.



Samkeppni um nafn á nýjan leikskóla

Rangárþing eystra efnir til samkeppni um nafn á nýja leikskólanum sem nú er í byggingu við Vallarbraut 7 á Hvolsvelli.

Nafnasamkeppnin er öllum opin og íbúar eru hvattir til að taka þátt í keppninni.

Tillögur restur til að skila inn tillögum er til og með 6. október

2022. Sérstök dómnefnd mun fara yfir innsendar tillögur og verðlaun verða veitt fyrir þá tillögu sem að dómnefndin velur.



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Grenndarkynningargögn eru birt í pósthólfum mögulegra hagsmunaaðila á island.is

Fylgstu með pósthólfinu þínu.
Náðu þér í island.is appið í símann

Þú sérð grenndarkynningargögn og afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á island.is (Mínar síður)



Byrjaði með mátunarklefa á baðherberginu heima

Þann 10. september sl. var haldið upp á 10 ára afmæli tískuverslunarinnar Cleopötru í Miðgarði á Selfossi en þau Elínborg W. Guðmundsdóttir og Björn Daði Björnsson opnuðu verslunina árið 2012.

„Ég var að verða 24 ára gömul þegar við opnuðum Cleopötru tískuverslun í Miðgarði. Björn Daði rekur, ásamt bróður sínum Kjartani, Rakarastofu Björns og Kjartans sem er einnig í Miðgarði. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á fatnaði og tísku og hafði unnið við þjónustustörf í mörg ár. Það var 6. janúar 2012 sem ég var stödd á Snyrtistofunni Evu í Miðgarði og sá að það var laust verslunarrými á staðnum. Ég var búin að hafa þessa hugmynd í kollinum í smá tíma. Til að mynda var ég byrjuð að flytja inn fatnað sjálf og selja í netsölu og heiman frá mér ári áður. Ég fékk stundum stelpur heim til mín sem vildu máta og þá var það bara inn á baðherbergi heima,“ segir Elínborg létt í bragði.

Þau sátu sannarlega ekki auðum höndum næsta mánuðinn en þann 23. febrúar árið 2012 opnuðu þau hjónin Cleopötru Tískuverslun í Miðgarði. „Við byrjuðum í frekar litlu plássi baka til í húsinu og færðum svo verslunina sumarið 2016 í stærra og betra pláss í sama



Elínborg W. Guðmundsdóttir og Björn Daði Björnsson, eigendur Cleopötru.

húsnæði, með gluggann út á Austurveg. Björn Daði smíðaði nánast allar innréttingarnar í verslunina sjálfur og gerðum við mest sjálf. Ég myndi segja að þessi flutningur hafi verið okkur til farsældar, við gátum aukið vöruúrvalið töluvert og tókum inn nokkur gæða fata-merki frá Danmörku t.d. en í upphafi vorum við einungis að flytja inn vörur frá Bretlandi og Bandaríkjunum.“

Persónuleg og heimilisleg þjónusta

Í upphafi einblíndi Elínborg mest á fatnað fyrir sinn aldur og yngri stelpur. „Þannig að kunnahópurinn var mest í yngri

kantinum til að byrja með. Konur á öllum aldri urðu svo mjög áhugasamar um búðina og fljótlega var eftirspurnin mikil eftir fatnaði sem myndi henta fleiri aldurshópum. Í dag er svo skemmtilegt að segja frá því að kunnarnir okkar eru nánast á öllum aldri. Sjálf er ég frekar gömul sál og hef mikinn áhuga á fólki og finnst gaman að spjalla og mynda tengsl við kunnann. Mér þykir alveg ótrúlega vænt um alla viðskiptavinina mína og ég held að það sé líka ástæðan fyrir því að búðin hafi gengið í gegnum árin, af því að þetta verður svo persónulegt og heimilislegt. Margir af okkar viðskiptavinum hafa verslað hjá okkur frá því að

við opnuðum búðina og sumir koma jafnvel eingöngu til að spjalla sem er líka svo skemmtilegt. Við erum líka svo gríðarlega heppin með starfsfólkið okkar sem deilir þessari hugsjón með okkur.“

Það má ekki gleyma að hafa gaman

Cleopatra er einnig með netverslunina cleo.is og þaðan fara daglegar sendingar um allt land með póstinum. Undanfarin ár hafa þau bætt vöruúrvalið töluvert en þar má sem dæmi nefna norska skart merkið A&C OSLO, dönsk lúxus ilmvötn og ilmkertin vinsælu frá Voluspa. Aðspurð að því hver lykillinn að velgengi fyrirtækisins sé svarar

Elínborg: „Ég held að lykillinn af því að láta fyrirtæki ganga sé að hafa trú á því sem maður er að gera, leggja allt í það og að gleyma ekki að hafa gaman að þessu öllu. Vinnan er ekkert endilega búin kl. 18 þegar verslunin lokar á daginn heldur kemur hún yfirleitt með manni heim líka því að það þarf að sinna mörgu svo þetta gangi allt upp. Því verður áhuginn að vera gríðarlegur svo að allt smelli og áhuginn hjá mér á þessu öllu saman hefur bara aukist með árunum. Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt með hverjum deginum í eigin rekstri og hlakka ég til næstu ára og að sjá Cleopötru blómstra enn meira.“ HGL



Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 4. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Vilt þú starfa með Björgunarfélagi Árborgar?

Nýliðastarf Björgunarfélags Árborgar hefst fimmtudaginn 29. september kl. 20:00, með kynningu á starfinu í Björgunarmiðstöðinni við Árveg 1 á Selfossi.

Hafir þú áhuga á fjallamennsku, fyrstu hjálp, jeppum,

bátum, drónum eða öðru slíku þá ættir þú að mæta á fundinn og kynna þér starfið. Öll 17 ára og eldri eru velkomin, en fólk á öllum aldri er hvatt til að mæta og kynna sér starfið, það er aldrei of seint að byrja!



Sex sóttu um sviðsstjórnarstöðu

Saða sviðsstjóra fjölskyldu og fræðsluviðs í Ólfusi var auglýst á dögunum og rann umsóknarfrestur út 12. september síðastliðinn.

Sjö umsóknir bárust og dró einn umsækjandi umsókn sína til baka.

Eftirtaldir sóttu um stöðuna:
Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri, Arna Hrönn Aradóttir,

verkefnastjóri, Jóhanna Margrét Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, Lína Björg Tryggvadóttir, skrifstofustjóri, Valdimar O. Hermannsson, fv. sveitarstjóri og Þórunn Jóna Hauksdóttir, forstöðumaður.

Hagvangur, í samstarfi við bæjarstjórn, sér um ráðningarferlið og gert er ráð fyrir að ráðið verði í stöðuna á næstu dögum.

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Sögu af fugli segir hann, sækja börnin dót í hann, bílsins hraða breytir hann og blóðdæluna geymir hann.

Svar við gátu í blaði 2666: HALI
1. Halamið, kölluð Hali - 2. Uxahali
3. Hali í Suðursveit - 4. Skuldahali ógreiddur húsvagn

DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

92

DAGAR TIL JÓLA

Sunnlenski matgæðingurinn

Inga Rún Björnsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Takk elsku tengdamamma fyrir að skora á mig í þessum skemmtilega lið í Dagskránni. Ég ætla að byrja á alveg frábærri súpu sem er ekta haust/vetrar súpa, sterk og ákaflega ljúffeng, virðist kannski vera erfið með fullt af hráefnum en er eiginlega mjög einföld og kom reglulega á óvart þegar hún var prófuð fyrst. Þetta lasagne er eitt það besta sem ég og fjölskyldan höfum smakkað, eins er það einfalt og auðvelt að henda í á góðum degi og jafnvel hinum líka.

Þessi dásamlega súpa er í senn afskaplega bragðgóð og holl. Svo er svo frábært með þessa súpu að hún verður bara betri daginn eftir... og jafnvel enn þá betri tveimur dögum síðar. Uppskriftina má hæglega helminga en þá er hún passleg fyrir fjóra. Mér finnst gaman að bjóða upp á súpuna í litlum skálum sem forrétt og hef þá hrökkbrauð með, heimagert eða bara úr Bónus og með döðlupesto (uppskrift hér að neðan.)

Brokkolísúpa
2 laukar - saxaðir
4 hvítlauksrif - söxuð
1 grænn eða rauður chilli-
pipar - saxaður (smekksatriði
hversu sterk súpan á að vera - því fleiri fræ þeim mun sterkari súpa)
Olía til steik-
ingar - örlítið af smjöri gefur einnig gott bragð
2 msk. fersk engiferrót - rifin
1 tsk. kóríander
½ tsk. karrý
½ tsk. túrmerik
½ tsk. cumin
12 dl grænmetisraftur (12 dl vatn og 3 til 5 stk. grænmetisraftur magn aðeins mismunandi eftir teg.



2 brokkolihöfuð (u.p.b. 600 - 700 g) - tekin í sundur og stilkur skorinn í litla bita
400 g kókosmjólk (ein dós, ekki light)
2½ dl matreiðslurjómi
Nokkrir dropar af sítrónusafa
Salt og pipar

Laukur látinn krauma á lágum hita þar til hann verður glær. Kókosflögum b l a n d a ð saman við og hitinn aðeins hækkaður - tekið af þegar kókosflögurnar hafa tekið smá lit en mega alls ekki brenna, sett í skál. Ferskt kóríander eða steinselja Saxað. Skrauti dreift yfir súpuna.

Döðlupestó
1 krukka rautt pestó
1 krukka fetaostur og olía
1½ dl. saxaðar döðlur
1½ dl. kasjúhnetubrot
1½ dl. svartar ólífur, saxaðar
2-3 hvítlauksrif, pressuð
1½ dl. steinselja, söxuð

Blandið öllu saman eina skál.

Mexíkó kjúklingalasagne, uppáhald krakkana
Ca. 900 gr. kjúklingabringur, skornar í bita

1 stór rauðlaukur, saxaður smátt
Olía til steik-
ingar
1 bréf burritokrydd
Salt & pipar
Hvítlaufs-
krydd
1 stk. kjúklinga-
kraftur
1 dós niðursoðnir tómatar (gott að hafa þá bragðbætta með t.d. chilli)
200 g rjómaostur
1 dós sýrður rjómi
Ca. 1 stór krukka salsasósa medium
6 stórar tortillur
2 pokar rifinn ostur
Ofn hitaður í 200°C. Kjúkl-

ingur og laukur er steiktur á pönnu þar til kjúklingurinn hefur tekið lit, þá er kryddað með hvítlaukskryddi, burritokryddi og salti og pipar ásamt kjúklingakrafti. Því næst er tómötum í dós og ½ salsa bætt út á pönnuna og leyft að malla í nokkrar mínútur.

Nú er kjúklingurinn veiddur af pönnunni og skipt á milli tortillanna (gott að nota grilltöng og skilja eftir mesta vökv-
an á pönnunni). Rifna ostinum úr öðrum pokanum dreift yfir kjúklinginn í hverja tortilla-
pönnuköku. Pönnukökunum er svo rúllað upp og þeim raðað í eldfast mót. Restinni af salsasósunni er nú bætt út á pönnuna ásamt sýrða rjómanum og rjómaostinum og leyft að malla í stutta stund. Kryddað eftir smekk ef með þarf. Að lokum er rjómaosta-salsasósunni helt yfir tortilla-
pönnukökurnar, passa að setja vel á milli laga. Að síðustu er rifna ostinum úr seinni pokanum dreift yfir. Ekki spara ostinn það er hann sem gerir gæfumuninn.

Baka í ofni við 200°C í 15-20 mínútur eða þar til osturinn hefur tekið góðan lit. Borið fram með fersku salati löðrandi í fetaosti, guacamole og doritos flögum.

Fullkomni eftirréttur bóndans
Fyrir bóndanum er hinn fullkomni eftirréttur, heitur, sætur, feitur og örlítið áfengur.

1 tsk. púðursykur
3 cl Tullamore whiskey
Hræra vel
Heitt pressukönnukaffi næstum upp að brún
Þeyttur íslenskur rjómi en ekki of þeyttur.

Punkturinn yfir i-ið er að raspa Nóa Síríus piparkökusúkkulaði yfir herlegheitin, bara getur ekki klikkað. Og af því að það er stutt í jólin má taka forskot á sæluna og hafa eina hjartalaga piparköku klára á kanntinum.

Mig langar að skora á vin minn Lárus Helga Helgason til að koma með uppskrift af einhverri snilldinni sem hann tófrar fram. Ég hef aldrei farið svöng frá honum, já eða þeim hjónum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.



Við byggjum 28 geymslur/iðnaðarbil að Breiðumýri 3 á Selfossi

Stærð 68,5 fm

Verð 21,5 m.kr.

Afhendist fullbúið í jan/feb 2023



S: 893 4609
haukur@ggtre.is
www.ggtre.is



Vilt þú verða hluti af liðsheimi HSU?

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) var stofnuð 1. október 2014 í viðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins.

HSU starfrækir 9 heilsugæslustöðvar á 10 starfsstöðvum, tvö sjúkrahús og þrjú hjúkrunarheimili auk allra sjúkraflutninga í umdæminu.

Á stofnuninni vinna um 700 metnaðarfullir starfsmenn í 500 stöðugildum. Unnið er í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á hagsmuni skjólstæðinga og fjölskyldna þeirra.

Framtíðarstarf á nýjasta hjúkrunarheimili landsins



Móberg er nýtt og glæsilegt hjúkrunarheimili HSU, sem senn verður opnað á Selfossi. Allur aðbúnaður er eins og best verður á kosið.

Við leitum að hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og ófaglærðum sem þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fjölbreytt störf á skemmtilegum og metnaðarfullum vinnustað, þar sem lögð er áhersla á einstaklingsbundna umönnun íbúa, fagmennsku, umhyggju og virðingu fyrir skjólstæðingum.

Umsóknir á starfatorg.is



**HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS**

FAGMENNSKA - VIRÐING - SAMVINNA



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



12 SPORIN Í SELFOSSKIRKJU

Andlegt ferðalag

Kynningarfundir verða 26. september og 3. október kl. 18 og hefst 12 spora starfið svo þann 10. október nk.

Eftir kynningarfundina er unnið í hópum á mánudögum kl. 18-20.

Starfið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Verið velkomin til að kynna ykkur hvernig nýta má 12 sporin til að bæta líf sitt og líðan.

Nánari upplýsingar á selfosskirkja.is og viniribata.is.

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Fyrsti sigur Selfoss í fjögur ár

Selfoss hrósaði sigri í fyrsta leik liðsins í fjögur ár í Ólíseild kvenna í handknattleik, 32:25, gegn HK í Kórnum í Kópavogi í síðasta leik 1. umferðar á laugardagskvöld. Nýliðar Selfoss voru með yfirhöndina frá upphafi til enda þótt sjö marka munur í lokin sé ekki lýsandi fyrir stöðuna lengst af leiksins.

Selfoss var tveimur mörkum yfir að loknum fyrri hálfleik, 17:15. Ungt HK liðið átti á brattann að sækja frá upphafi. Leikmenn gáfust hinsvegar aldrei upp og reyndu hvað þeir gátu til enda. Katla María Magnúsdóttir átti stórleik og skoraði 9 mörk, Rakel Guðjónsdóttir kom fast á hæla hennar með 8 mörk, Tinna

Soffía Traustadóttir skoraði 6 og Ásdís Þóra Ágústsdóttir, Roberta Ivanauskaité og Tinna Sigurrós Traustadóttir skoruðu 3 mörk hver.

Ágústa Tanja Jóhannsdóttir varði 8 skot og Áslaug Ýr Bragadóttir 4.

Glæsilegir fulltrúar Selfoss á Evrópumóti

Fimleikadeild Selfoss átti glæsilega fulltrúa á Evrópumóti í hópfimleikum sem fór fram í Lúxemborg dagana 14-17 september sl. Allir fulltrúar okkar, iðkendur og þjálfarar kepptu til úrslita.

Stúlknalið unglunga, þar sem Karolína Helga Jóhannsdóttir og Hera Lind Gunnarsdóttir voru lykilkonur fengu brons eftir virkilega harða og skemmtilega keppni.

Blandað lið unglunga, þar sem Michal Risský var landsliðsþjálfari hafnaði í 5. sæti í úrslitum eftir flotta keppni.

Drengjalið unglunga, þar sem Aníta Þorgerður Tryggvadóttir var landsliðsþjálfari, sýndu flottar æfingar í úrslitum og höfnuðu í 5. sæti.

Kvennalið fullorðinna, þar sem Birta Sif Sævarsdóttir var



Aníta Tryggvadóttir og Michal Risský, landsliðsþjálfarar eftir gott mót.

fulltrúi hafnaði í öðru sæti og fengu því silfur eftir virkilega spennandi keppni, en þær áttu titil að verja frá síðasta Evrópumóti.

Karlalið fullorðinna, þar sem Sindri Snær Bjarnason var fulltrúi, höfnuðu í 4. sæti eftir



Karolína Helga og Hera Lind með bronsverðlaun

virkelega skemmtilega keppni í úrslitum.

Við hlökkum til vetrarins hjá fimleikadeild Selfoss og ljóst er að framtíðin er björt með alla þessa fulltrúa í okkar röðum.

ÁFRAM SELFOS

Selfyssingar sendu KR niður um deild

KR er fallið niður í Lengju-kdeild eftir tap gegn Selfossi í Bestu deildinni á sunnudaginn. Lokatölur í miklum marka leik 5-3 gestunum í vil.

Strax á 15 mínútu skoraði Íris Una Þórðardóttir. Miranda Nild tók hornspyrnu frá hægri inn á teiginn með hægri fæti. Brenna Lovera skallaði boltann í baráttu við varnarmann KR. Boltinn skoppaði fyrir fætur Írisar Unu sem gat ekki annað en sett boltann yfir marklínuna.

Einni mínútu síðar svaraði KR með marki frá Selfyssingnum Guðmundu Brynju Óladóttir.

Á 36 mínútu komust Selfyssingar aftur yfir með marki frá Miröndu Nild. Barbara Sól fékk boltann fyrir utan teig KR örlítið hægri megin. Hún sendi skoppandi bolta inn á teiginn þar sem boltinn hrökk af Guðrúnu Dóru í baráttu við Telma Steindórsdóttur, varnarmann KR. Boltinn hrökk aftur fyrir þær til Miröndu sem stóð ein og óvölduð fyrir framan Corneliu í markinu, Miranda kláraði með skoti niður í vinstra hornið úr miðjum teignum.

KR svarði snemma í seinni

hálfleik með marki frá Marcellu Barberic.

Það var svo á 56 mínútu sem Íris Una bætti við þriðja marki gestanna og öðru marki sínu eftir hornspyrnu. Boltinn datt fyrir Írisi eftir að KR-ingar náðu ekki að hreinsa. Íris þrugaði boltann í slánna og inn.

Miranda Nild bætti svo við öðru marki sínu og fjórða marki Selfoss. Hún fékk boltann fyrir utan teig, vinstra megin, tók góðan snúning framhjá Marcellu sem rann til. Miranda lagði boltann að lokum fyrir sig og tók skot niður í hornið hægri megin, Cornelia var í boltanum

en hann lak inn. Þegar um 10 mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma bætti Katla María við fimmta marki gestanna. Selfoss vann boltann á eigin vallarhelming. Áslaug Dóra sendi boltann út á Bergrósu sem var með nægt pláss á hægri kantinum. Hún rak boltann upp að endamörkum, skar boltann út í teiginn á Kötlu Maríu sem tók fast skot yfir Corneliu í marki KR.

KR-ingar skoruðu sárabótarmark í uppbótartíma þegar Rasamee skoraði úr víti sem hún fiskaði sjálf. Embla Dís braut klaufalega af sér innan teigs.



Túnpökusala Oddsteins

Lóðapökur - Fótboltagras Golfvallargras

Sími 663 6666 - tso@tso.is - www.tso.is

Ómar Ragnarsson hlýtur náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, veitti í síðustu viku, á Degi íslenskrar náttúru, Ómari Ragnarssyni Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti. Er þetta í þrettánda sinn sem náttúruverndarviðurkenningin er afhent.

Ómar er landsmönnum vel kunnur og var í störfum sínum á fjölmiðlum iðinn við að vekja athygli á hinum ýmsu náttúruperlum landsins, áður en hann hóf baráttu sína fyrir náttúruvernd.

Í máli ráðherra við athöfnina kom fram að Ómari væri í lófa lagið að vekja athygli á málefni-

um og að hann hafi fært þjóðinni hvert náttúruundrið á fætur öðru, alla leið heim í stofu. Jafnt með Stiklupáttum sínum og öðrum myndum um náttúruvernd, sem og fréttæfni. Þannig hafi Ómar myndað Holuhraun áður en þar fór að gjósa og komið að Grímsvatnagosinu áður en nokkur annar kom þar að.

Eins hafi Ómar verið ötull við að vekja athygli á rafknúnum farartækjum hin síðari ár og hafi til að mynda ferðast árið 2015 á rafhjól frá Reykjavík til Akureyrar, í ferðalagi sem hann nefndi „Aðgerð orkuskipti“, þá orðinn 75 ára.

„Þá er Ómar brautryðjandi í

notkun rafbíla á Íslandi, kynnti ef minnið svíkur ekki rafbíl hér fyrir nokkrum áratugum síðan, og hefur undanfarin ár keyrt um á rafmagnsbílum. Hann sagði einmitt í viðtali fyrir nokkrum árum, og var því á undan okkur stjórnvöldum sem nú erum að takast á við málið, að það væri ekki nóg að rafmagnsbílar væru bara fyrir þá efnameiri. Huga þyrfti að „rafbíl litla mannsins“, sagði Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í rökstuðningi sínum.

„Íslensk náttúra væri svo miklu fátækari ef ekki væri fyrir eldhuga sem eru tilbúnir að leggja allt í sölnar fyrir hana. Ég eins og margir Íslendingar erum

svo heppin að hafa átt Ómar sem glugga inn í hluti sem eru svo ótrúlega mikilvægir en fáir sinntu. Einstaklingar skipta máli og skýrt dæmi um það, er Ómar Ragnarsson. Það verður aldrei hægt að mæla það hvað hann hefur gert, með sínum einstaka

hætti, fyrir íslenska náttúru. Mín kynslóð og margar fleiri fengum að kynnast náttúru Íslands vegna áhuga og atorku Ómars Ragnarssonar. Fyrir það er ég þakklátur.“



Einar Sverrisson framlengir við Selfoss

Stórskyttan Einar Sverrisson shefur skrifað undir nýjan tveggja ára samning við handknattleiksdeild Selfoss.

Einar er uppalinn Selfyssingur og hefur leikið stærstan hluta ferils síns hjá uppeldisfélaginu. Hann hélt í stutt ævintýri til Vestmannaeyja þar sem hann lék tvö tímabil árin 2014-2016 og sneri svo heim þegar Selfyssingar unnu sér sæti í Ólísdeildinni.

„Það er virkilega gleðilegt að Einar ætli að taka slaginn áfram með okkur. Hann er gríðarlega leikreyndur og raunar einn markahæsti leikmaður meistaraflokks karla frá upphafi. Það er ómetanlegt fyrir ungu leikmennina sem eru að fóta sig í deild þeirra bestu að hafa leiðtoga á borð við Einar sér við hlið.“ Segir í tilkynningu frá handknattleiksdeild Selfoss.



Nýjar fréttir á hverjum degi!

»DFS.is

FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

VÍNBUÐIN FLÚÐUM

FRÁBÆR TÍMAVINNA

Líflegt starf fyrir tvítuga og eldri

Vínbúðin Flúðum leitar að jákvæðum og röskum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Unnið er alla föstudaga og annan hvern laugardag eða eftir samkomulagi.

Umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri. Umsóknarfrestur er til og með 3. október.

Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um á vinbudin.is.

Nánari upplýsingar: María Magnúsdóttir, fludir@vinbudin.is – 560 7884.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Bridsfélag Selfoss

76. aðalfundur Bridsfélags Selfoss verður haldinn í Selinu við íþróttavöllinn, föstudagskvöldið 30. september 2022 kl. 20.



Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Allir bridsáhugamenn
velkomnir.

Stjórnin

Ný störf
auglýst í
hverri viku!

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sveitarfélagið Árborg

ÚTBOÐ



Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í:
„Stekkjaskóli 2. áfangi - byggingastjóri og framkvæmdaefirlit“

Verkið felur í sér að taka að sér hlutverk byggingastjóra og framkvæmdaefirlits vegna rúmlega 3700 fermetra byggingar 2. áfanga Stekkjaskóla á Selfossi.

Verkið felst í byggingastjórnun og framkvæmdaefirliti á áframhaldandi uppbyggingu Stekkjaskóla í Björkurstykki á Selfossi, 2. áfangi. Byrjað er að reisa fyrsta áfanga skólabyggingarinnar og er stefnt að því að taka byggingu 1. áfanga í notkun í lok árs 2022. Þá er einnig lokið við smíði og uppsetningu á færanlegum skólastofum grunnskólans. Verkefnið, Stekkjaskóli í Björkurstykki, 2. áfangi, skiptist í fullnaðarhönnun og byggingu 2. áfanga skólans.

Verktími: Október 2022 til lok júlí 2024

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/774a6dea-d409-4ca1-abc3-090226e50c32>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboða er til kl. 11:00 þriðjudaginn 4. október 2022

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opunaryfirlit rafrænt.

Fasteignafélag Árborgar slf
Mannvirkja og umhverfisvið Árborgar

Söfnun og sáning á birkifræi 2022

Verkefnið Söfnun og sáning á birkifræi er samstarfsverkefni Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og hófst árið 2020. Að baki verkefninu stendur öflugur samstarfshópur fyrir tækja og frjálsra félagasamtaka ásamt stofnunum tveimur. Nú í haust verður enn efnt til söfnunar og sáningar á birkifræi. Til þess að vel takist til er þátttaka almenninga lykilatriði.

Nú hafa stjórnvöld sett sér það markmið að við lok ársins 2030 hafi heildarútbreiðsla birkis náð 5% af flatarmáli landsins sem er ríflega þreföldun á núverandi útbreiðslu. Þetta er liður í alþjóðlegu átaki, svokallaðri Bonn-áskorun, um aukna útbreiðslu skóga í þágu náttúrunnar og samfélaga fólks.

Verkefnið Söfnun og sáning

á birkifræi hefur ekki eingöngu það markmið að efla útbreiðslu birkis. Reynslan hefur sýnt að þátttaka almenninga og skilningur á mikilvægi landbótaáðgerða er lykillinn að árangri. Verkefnið gefur almenningi færi á að leggja sitt af mörkum til landbótastarfs og stuðlar þannig að auknum skilningi á mikilvægi landbótastarfs í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Ítarlegar upplýsingar um

verkefnið er að finna á vefsíðunni birkiskogur.is, meðal annars leiðbeiningar um hvernig best er að bera sig að við bæði söfnun á birkifræi og sáningu. Deila má myndum og frásögnum af frætíslu og sáningu á samfélagsmiðlum með myllumerkinu #birkifræ og nota @birkifræ til að tengja innleggin við samfélagsmiðla verkefnisins.



Gullbrá

Hér er uppskrift að einstaklega mjúkri og þægilegri peysu sem auðvelt er að prjóna. Notaðar eru tvær garntegundir sem fást í fjölda fallegra lita; Miranda sem er blanda af bómull, hör og acryl og Anisia sem er kid-mohair og polyamid. Peysan er prjónuð ofan frá og niður og auðvelt er að síkka hana eða stytta að vild.

Stærðir: S (M) L

Efni: 4 (5) 6 dk Miranda, 4 (5) 6 dk Anisia, 40 og 60/80 sm prjónar nr 5, prjónamerki, prjónanælur.

Aukið er út þannig að þræðinum á milli lykkjanna er lyft upp, hann krossaður og prjónað slétt. Prjónaðar eru rendur, til skiptis 2 umf. sl. með tvöföldu Anisia og 5 umf. sl. með 1 þræði af Miranda og 1 þræði af Anisia.

Fitjið upp 70 (74) 78 l með tvöföldu Anisia, prjónið 1 umf. slétt prjón. Prjónið 5 umf. brugnar með 1 þræði af Miranda og 1 þræði af Anisia. Aukið nú út um 20 (22) 24 l jafnt yfir prjóninn þannig að 90 (96)102 l séu á prjóninum. Gott er að setja prjónamerki við upphaf umferðar. Byrjið á að prjóna 2 umf. með tvöföldu Anisia og athugið að eftir fyrstu umferð er aukið út eftir 3ju hverja l um 1 l. Nú eru 120 (128) 136 l á prjóninum.

Prjónið áfram samkvæmt randamynstri 4 umferðir. Þá er aukið út eins og áður en nú eru 4 l á milli útaukninga, 150 (160) 170 l á prjóninum. Prjónið 5 umf. aukið út og hafið 5 l á milli útaukninga 180 (192) 204 l á prjóninum. Prjónið 9 umf. aukið út og hafið 6 l á milli útaukninga 210 (224) 238 l á prjóninum. Prjónið 10 umf. aukið út og hafið 7 l á milli útaukninga 240 (256) 272 l á prjóninum. Prjónið 11 umf. aukið út og hafið 8 l á milli útaukninga 270 (288) 306 l á prjóninum. Prjónið 12 umf. aukið út og hafið 9 l á milli útaukninga 300 (320) 340 l á prjóninum. Prjónið 0 (4) 8 umf til viðbótar (munið að halda randamynstrinu) og þá eru lykkjur fyrir ermar settar á nælu þannig: Prjónið 90 (96) 102 l setjið næstu 60 (64) 68 á nælu, prjónið 90 (96) 102 l og setjið næstu 60 (64) 68 l á nælu.

Þegar komnar eru 12 umf. frá síðustu aukningu er aukið út með 12 l á milli, 195 (208) 221 l á prjóninum.



Prjónið 13 umf. aukið út og hafið 13 l á milli útaukninga 210 (224) 238 l á prjóninum. Þegar búið er að prjóna alls 12 (13) 14 einlitar rendur er prjónað með einum þræði af hvoru garni þar til bolur mælist frá handvegi 40 (43) 46 sm. Í síðustu sléttu umferðinni er lykkjum fækkað þannig að 9+10 (7+8) og í stærð L eru til skiptis 7+8 og 8+9 lykkjurnar prjónaðar saman og eru þá 189 (196) 210 l á prjóninum. Prjónið nú 5 umf. brugnar, klippið Miranda garnið frá og prjónið eina umf. slétta með tvöföldu Anisia. Fellið laust af með brugnum lykkjum.

Ermar:

Takið 60 (64) 68 l af prjónanælunni og takið upp 2 l í ermagaþinu. Haldið áfram með rendur eins og á bók. Í áttundu hverri umferð eru 2 fyrstu og 2 síðustu l umferðar prjónaðar saman, alls 6 (6) 7 sinnum, 50 (52) 56 l á prjóninum. Prjónið þar til ermi mælist 32 (34) 36 sm, eða þar til æskilegri sídd er náð (athugið að nú er auðvelt að máta peysuna og meta hvaða ermalengd skuli vera). Prjónið þá 5 umf. brugnar, klippið Miranda garnið frá og prjónið eina umf. slétta með tvöföldu Anisia. Fellið laust af með brugnum lykkjum.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyragævi 23, Selfossi // 555-1314



Þrír grunaðir vegna sprenginga

Þrír einstaklingar undir tvítugu eru grunaðir um að hafa staðið á bak við sprengingar af völdum heimatilbúinna sprengja sem hafa víða valdið usla á Selfossi í septembermánuði, að því er fram kom á vef mbl.is á mánudag.

Síðastliðinn fimmtudagsmorgun fékk lögreglan á Suðurlandi tilkynningu um tortryggilegan hlut sem drengir hefðu verið að vasast með við gatnamót Tryggvagötu og Engjavegs á Selfossi. Við athugun lögreglu reyndist hluturinn vera heimatilbúin flöskupsrengja og því var sársveit ríkislögreglustjóra

kölluð til með búnað til að leysa verkefnið. Sérsvartarmenn eyddu sprengjunni og á meðan var svæði í um 100 metra radíus umhverfis vettvanginn lokað. Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni á Suðurlandi var málið upplýst samdægurs.

Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn lögreglunnar á Suðurlandi sagði í samtali við mbl.is að hann vonaði að þessu tímabili væri lokið. Vitað væri hverjir gerendurnir væru, þeir væru allir undir tvítugu, hefðu séð alvarleikann sem fælist í þessu og kæmu ekki til með að fara í gæsluvarðhald.



Mynd: Dagskráin/BRV

Bogga kynnt fyrir unglingum

Kynningarfundur fyrir unglingadeildina Boggu hjá Björgunarfélagi Árborgar verður haldinn miðvikudaginn 21. september kl. 19.30 í Björgunarmiðstöðinni við Árvæg 1 á Selfossi. Allir unglingar fæddir 2006 og 2007 eru velkomnir í starfið og foreldrar eru hvattir til að koma með á kynningarfundinn.

Unglingastarfið felst í alls kyns mismunandi æfingum sem tengjast útivist, jeppum, fjallamennsku, fyrstu hjálp, siglingum o.fl. Fundir verða alla miðvikudaga í vetur kl. 19.30.



Raki og mygla í húsum



Öll þrjú námskeiðin í haust.

IDAN fræðslusetur býður upp á þrjú námskeið um raka og myglu í húsum sem verða öll kennd á Selfossi á næstunni.

- Raki og mygla í húsum 1: 6. október kl. 13.00 – 19.00.
- Raki og mygla í húsum 2: 20. október kl. 13.00 – 19.00.
- Raki og mygla í húsum 3: 10. nóvember kl. 13.00 – 17.00.

Kennarar eru:

- Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur.
- Kristinn Alexandersson, byggingatæknifræðingur.
- Benjamín Ingi Böðvarsson, byggingatæknifræðingur.
- Eiríkur Ástvald Magnússon, byggingaverkfræðingur.

Nánari upplýsingar og skráning á idan.is og í síma 590 6400.



STUNDASKRÁ FÉLAGS ELDRI BORGARA SELFOSSI - HAUST 2022					
Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
09:00		Glerlist		Glerlist	
09:30	Fornsögur M1				
10:00	Gönguhópur		Öndvegisbókmenntir M1	Gönguhópur*	
10:15	Boccia Iða		Þútt kl. 10:00-12:00 GOS		Boccia Iða
10:30	Krossgátukaffi S2				
11:00					
11:30-12:30	HÁDEGISMATUR Í MÖRK - HÁDEGISMATUR Í MÖRK				
12:00	Bridge S2			Bridge S2	
13:00	Handavinna (Uppsalar)		Myndlist S1	Hannyrðir M3	Postulín/Keramík (Uppsalar)
13:00	Pappír... pappír S1	Tálgað í tré S1			
13:00	Hannyrðir S3				
13:15			Stólajóga M2 kl. 13:15		
13:30	Leiklestur M1	Félagsvist M1		Frjáls spil M1	
14:00		Samvera í Selfosskirkju Heimilisleg samvera með léttu sifirbragði, kaffi og konfekt og góðum gestum. - Allir hjartanlega velkomnir. 4. október, 18. október, 1. nóvember, 15. nóvember og 29. nóvember.	Kínaskák S3	OPIÐ HÚS M1 með dagskrá frá kl. 14:45 Kaffi + meðlæti kr. 1500. Molakaffi kr. 200.	
14:45					
15:00	Perlusaumur				
15:30					
16:00			Hörpukórinn M2		
		Íþróttavöllur og nýja íþróttahúsið			
		Þriðjudagur	Fimmtudagur		
		Styrktarleikfimi 9:30 og 10:30	Styrktarleikfimi 9:30 og 10:30		

* Rúta frá Guðm. Tyrfrings fylgir hópnum. Uppsalar; salur á 2. hæð í Grænumörk. Bridge, pílukast og snóker er boði flesta daga.

M1=Mörk aðalsalur - M2=Mörk íþróttasalur - S1=Salur 1 - S2=Salur 2 - S3=Matsalur.

Öll námskeiðin eru haldin í Grænumörk 5, nema annað sé tekið fram.

Skrifstofa FEBSEL, opin fimmtud. kl. 13:00 í Grænumörk.

Stundataflan er birt með fyrirvara um breytingar.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
er opin á fimmtudögum kl. 13.

OPIÐ HÚS
fim. 22. sept. kl. 14:45.
Kaffi og meðlæti í
boði félagsins.

LEIKLESTUR
Mánudaga kl. 13:30.

FORNSÖGUR
Mánudaga kl. 9:30.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyragví 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNsla

Diddi S. 861 4966

Þarftu snyrtingu
fyrir hundinn þinn?

Ég var að opna stofu í
Uriðalæk 13, 800 Selfoss
Sími 6869790 - Klara
fb.com/hundasnyrtir.is



Er eitthvað að fréttu?
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Árborgarprestakall
Verið hjartanlega velkomin til
messu í Árborgarprestakalli
sunnudaginn 25. september.
Selfoskirkju kl. 11. Gaulverjar-
bæjarkirkju kl. 14. Eyrarbakka-
kirkju kl. 20. Sr. Gunnar
Jóhannesson þjónar fyrir altari.

Strandarkirkja
Sunnudagurinn 25. september.
Guðsþjónusta kl. 14:00. Sr.
Sigríður Munda Jónsdóttir þjón-
ar og Kór Þorlaks- og Hjallakirkju
leiðir safnaðarsöng undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur, organista.
Verum öll velkomin til kirkju.

Hrepphóla kirkja
Kirkjuskóli laugardaginn 24.
september kl. 11. Rebbi, Mýsla,
söngur og gleði. Allir velkomnir.

Hrunakirkja
Helgistund sunnudagskvöldið
25. sept. kl. 20. Notaleg kvöld-
samvera í kirkjunni. Allir vel-
komnir.

Ólafsvallakirkja
Helgistund mánudagskvöldið
26. sept. kl. 20. Notaleg kvöld-
samvera í kirkjunni. Allir vel-
komnir.

Aðventistar
Laugardaginn 24. september
verður lokað í safnaðarheimili
aðventista, Eyragví 67, Selfossi.
Sameiginleg samkoma verður á
Loftsálfnum, Hólshrauni 3
Hafnarfirði frá kl. 11. Velkomnin.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

FÉLAGSSTÖRF

HÖRPUKÓRINN

Kór eldri borgara
á Selfossi



Byrjar 5. okt.
Æft á miðvikudögum
kl. 16-18 í Grænumörk 5.

Getum bætt við okkur
í allar raddir. Vel tekið á
móti nýjum félögum

Góður félagskapur.
Hlökkum til að sjá ný andlit.

Stjórnin, kórfeðlagar og
stjórnandi kórsins

Margt verður til í
kvenna höndum

Hugmynd verður að veru-
leika. Kvenfélagið Eining
Hvölnreppi ákvað á vorfundi
sínnum að nú skyldi hefja sauma-
skap til vegs og virðingar og
halda veglega sýningu á saumi.

Ákveðið var að einskorða
sýninguna við handavinnu
sem unnin er með nál. Þegar
við fórum að vinna með þetta
þá sáum við hversu víða nálin
kemur við sögu í lífi okkar allra
. Án nálar væru t.d. fötin okkar
sennilega öll ýmist heklud eða
prjónud, sem er ágætt í sumum
tilvikum, en prjónaðar nærbuxur
væru kannski ekki svo þægi-
legar. Hvernig hefðu formæður
okkar getað stoppað í sokka án
nálar eða bara saumað slátur-
keppi t.d.?

Hvert er markmiðið með
svona sýningu? Við ætlum að
reyna að vekja áhuga fólks á
saumaskap og mikilvægi þess
að halda í þennan hluta menn-
ingararfs okkar.

Við byrjuðum á því að senda
bréf til allra félaga okkar í
kvennfélaginu og báðum þær
að kíkja í skápa og skúffur hvort
ekki leyndust einhverjar ger-
semar þar. Vel var tekið í beiðn-
ina og hefur nú safnast mikill
fjöldi af alls konar saumaskap.
Ótrúlega fjölbreyttir munir.
Dúkar, púðar, myndir, fatn-

aður, skólahandavinna og margt
margt fleira.

Svo virðist sem að í skólum
landsins sé saumaskap ekki gert
sérlega hátt undir höfði. Nú er
bara talað um textíl sem er út-
lent orð margir vita ekki hvað
þýðir. Ætla ég ekki að reyna að
skilgreina það. Þegar farið var
að skoða skólahandavinnuna
sem barst á sýninguna sáum
við hversu fjölbreytt kennsla í
hannyrðum hefur verið í skólum
áður fyrr. Á sýningunni verður
því sérstakur bús með eingöngu
slíkri handavinnu.

En hvaða áhöld voru notuð?
Við sáum að við þyrftum líka
að sýna verkfæri sem eru notuð
við saumaskap. Það eru t.d. nálar
alls konar, skæri, fingurbjargir,
málbönd, saumavélar og ýmis-
legt fleira.

Okkar von er að nú taki við
nálaglamur á sem flestum heim-
ilum og við mætum á næstu árs-
hátíð í heimasaumuðu. Kannski
kallar sýningin á að haldin verði
námskeið í einhverjum sauma-
aðferðum hjá kvenfélögunum.

Sýningin verður í félags-
heimilinu Goðalandi í Fljóts-
hlíð frá 24. sept til 9. okt. Ópið
verður frá 12 til 18 laugardaga
og sunnudaga en einnig verður
hægt að taka á móti hópum alla
virka daga. Aðgangur er ókeypis.

Aðalsafnaðarfundur
Stokkseyrarkirkju 2022

Aðalsafnaðarfundur Stokkseyrarkirkju verður haldinn
fimmtudaginn 22. september 2022 kl. 20:00 í
safnaðarheimilinu Hafnargötu 10, Stokkseyri.

Venjubundin aðalfundarstörf.

Safnaðarstjórnin



Bragi Bjarnason formaður bæjarráðs. Mynd: Aðsend.

Spennandi verkefni framundan í Árborg

Það má að líkindum segja að það séu eðlilega skrítnar tilfinningar hjá bæjarfulltrúum að afloknum kosningum þegar verið er að mynda bæjarstjórn og standa í þeim sporum að fá tækifæri til að stýra sveitarfélaginu sem þú býrð í. Við í D-listanum í Árborg erum auðmjúk í þeirri aðstöðu ásamt öðrum bæjarfulltrúum, að stýra einu mest spennandi sveitarfélagi landsins, sem hefur mikla vaxtarmöguleika og ýmis tækifæri en er um leið í krefjandi rekstrarumhverfi. Það ríkir tilhlökkun nú þegar allt er komið af stað eftir sumarið að vinna með kraftmiklu starfsfólki sveitarfélagsins, íbúum og bæjarfulltrúum allra flokka að málefnum Sveitarfélagsins Árborgar.

Fyrstu mánuðirnir

Hugurinn ber okkur hálfa leið. Það er mikilvægt í upphafi ferðar að vita stefnuna og móta framtíðarsýn. Slíkt auðveldar ákvarðanatöku á öllum sviðum og leiðir okkur í sömu átt að markmiðinu og auknum árangri.

Bæjarfulltrúar og nefndarfolk hefur þessa fyrstu mánuði verið að koma sér inn í fjölbreytt verkefni sveitarfélagsins, fengið kynningu á starfsemi og nefndarstarfi og sett sig inn í mál sem beðið hafa afgreiðslu. Samstarf í nefndum og bæjarstjórn hefur að mínu mati verið mjög gott og vil ég þakka bæjarfulltrúum og nefndarmönnum fyrir góða nálgun á verkefni. Má þar nefna staðfestingu á nýju aðalskipulagi, skipulagsbreytingar, útboð á öðrum áfanga Stekkjaskóla, framkvæmdaleyfi fyrir hreinsistöð á Selfossi ásamt öðrum verkefnum tengdum rekstri og þjónustu sveitarfélagsins. Fjöldi mikilvægra verkefna sem hafa verið lengi í undirbúningi og koma nú loks til framkvæmda.

Áfram gakk!

Það eru spennandi verkefni framundan sem munu gefa sveitarfélaginu færi á að bæta þjónustu og auka hagræðingu til framtíðar. Það er fyrirséð að uppbygging mun halda hér áfram og mikilvægt að innviðir fylgi í takt við áætlanir. Starfshópar um framtíðaruppbyggingu leikskóla hefur hafið störf

og er honum m.a. ætlað að koma með tillögur um hvernig megi afleggja eldri bráðabirgðalausnir við leikskóla og forgangsraða uppbyggingu til framtíðar. Mun hópurinn skila tillögum til bæjarstjórnar strax í haust. Sömuleiðis er búið að skipa í starfshóp um uppbyggingu skólakúsnæðis á Eyrarbakka. Þá stendur til að hefja undirbúning að nýjum grunnskóla á Selfossi.

Orkuöflun er ein af undirstöðum áframhaldandi uppbyggingar. Það er forgangsmál bæjarstjórnar að afla réttinda til að leita og vinna heitt vatn á nýjum svæðum ásamt því að efla samstarf við önnur orkufyrirtæki. Nægt framboð er af heitu vatni sem stendur en þegar tekið er tillit til áætlaðrar uppbyggingar næstu ára verður að efla orkuöflun Selfossveitna til að tryggja áfram örugga afhendingu til allra neytenda í sveitarfélaginu.

Fjármálaáætlun til næstu 10 ára
Bæjarstjórn hefur fengið ráðgjafarfyrtækið KPMG til samstarfs í þeim tilgangi að bæta yfirsýn á fjárhag sveitarfélagsins svo hægt sé að marka skýra stefnu í fjármálum þess til lengri tíma. Í því skyni verður gerð fjármálaáætlun til næstu 10 ára þar sem markmiðið er að styrkja áætlunargerð og koma rekstri sveitarfélagsins í jafnvægi innan tilsetts tíma.

Með betri upplýsingum og skarpari sýn á fjárhaginn getur bæjarstjórn Árborgar við vinnu fjárhagsáætlunar hvers árs tekið ákvarðanir út frá bestu mögulegu upplýsingum hverju sinni. Áfram verður síðan vissulega að endurskoða fjármálaáætlun reglulega í takt við íbúapróun, verðbólgu og aðra áhrifaþætti.

Ég tel mikilvægt að íbúar séu upplýstir um þau fjölbreyttu verkefni sem eru á döfinni innan sveitarfélagsins. Hérna fer ég yfir hluta þeirra verkefna sem eru í gangi en markmiðið er að bæjarfulltrúar upplýsa íbúa reglulega og þetta sé fyrsti pistill í þá átt.

Bragi Bjarnason
formaður bæjarráðs og oddviti
Sjálfstæðisflokksins í Árborg

Hætta eftir 262 ár í starfi

Þann 7. september 2022 var haldið kveðjuhóf hjá HSU á Selfossi fyrir þá starfsmenn sem létu af störfum sl. ár, margir eftir áralangann starfsferil hjá stofnuninni, allt upp í 47 ár hjá einstakling, en heildarstarfsaldur hópans telur 262 ár. Fjórar konur mættu aðrir áttu ekki heimgengt af ýmsum ástæðum. Öll fengu þau kveðjugjöf frá stofnuninni og þau sem ekki komust fengu hana senda til sín.

Þessar fjórar konur sem eru á myndinni ásamt Axel Björgvin Höskuldsson framkvæmdastjóra fjármála og Díönu Óskarsdóttur forstjóra eru:

Margrét Jónsdóttir, sjúkraliði á lyflækningadeild, bráðamóttöku og göngudeild Selfossi. Svava Guðmundsdóttir, sjúkraliði á lyflækningadeild, bráðamóttöku og göngudeild Selfossi, Védís Ólafsdóttir, sjúkraliði á Ljósheimum Selfossi og Sigrún



Óskarsdóttir sem starfaði við umönnun á Ljósheimum Selfossi.

Önnur sem komust ekki í kveðjuhöfið eru:

Sigríður Kristín Jóhannsdóttir, hjúkrunarfræðingur á lyflækningadeild, bráðamóttöku og göngudeild á Selfossi, Halldór Benedikt Halldórsson, umsjónamaður fasteigna og búnaðar í Vestmannaeyjum, Matthildur

Róbertsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Laugarási, Ólafía Sigurjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Laugarási, Ragnheiður Lúðvíksdóttir, iðjuþjálfari á Selfossi, Ragnhildur Andrésdóttir, móttökuritari á Kirkjubæjarklaustri, Regína Sveinsdóttir, móttökuritari í Laugarási, Stefánía Erlingsdóttir, móttökuritari á Selfossi og Andrés B. Júlíusson, sjúkraflutningamaður á Höfn í Hornafirði.



Karlakór Selfoss í Skálholtskirkju skömmu áður en grímuskyldu lauk.

Vetrarstarf Karlakórs Selfoss 2022-2023: Kynningarkvöld fyrir nýja félaga

Vetrarstarf Karlakórs Selfoss er að hefjast núna á haustmánuðum. Aðalfundur kórsins var haldinn 5. september sl. og þar var kjörin stjórn, en hana skipa; Ómar Þór Baldursson, form. og aðrir stjórnarmenn eru Þórir Haraldsson, Einar Hermundsson, Björgvin R. Snorrason, Jóhann Pétur Jóhannsson og Unnar Steinn Guðmundsson. Kynningarkvöld fyrir nýja félaga, já og eldri, verður haldið fimmtudagskvöldið 29. september kl. 20:00, og fyrsta æfing vetrarins verður mánudagskvöldið 3. október kl. 20:00 í félagsheimili kórsins að Eyravegi 57.

Komandi starfsár er það 58. í sögu kórsins, sem var stofnaður 1965. Mörg spennandi og skemmtileg verkefni eru framundan og söngskrá vetrarins (lagaval) verður væntanlega kynnt á fyrstu æfingunni, en æft verður einu sinni í viku, á mánudagskvöldum. Um og yfir 60 söngmenn hafa starfað með kórnum undanfarin ár og stjórnandi Karlakórs Selfoss er Skarphéðinn Þór Hjartarson og píanóleikari Jón Bjarnason. Nýjir félagar eru sérstaklega boðnir velkomnir og eldri söngmenn eru hvattir til að mæta. VBr.



Breytingar á grímuskyldu hjá HSU

Samkvæmt tilkynningu frá HSU þurfa nú einungis þau sem eru með einkenni frá öndunarfærum að bera grímur á starfsstöðvum HSU. Á það jafnt við um starfsfólk sem og þau sem heimsækja stofnunina.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

VEIÐIGLERAUGU
15% - 40%

TILBOÐ

AFSLÁTTAR DAGAR
TILBOÐIÐ GILDIR TIL 30 SEPTEMBER

FLUGUR & BOX
20% - 50%

ALLAR KASTSTANGIR 25% AFSL

KAFFI Á KÖNNUNNI

FLUGUSTANGIR 15% - 40%

VEIÐIBÚÐ
SUÐURLANDS

ÖNDUNAR VÖÐLUR OG SKÓR 49.995.-

NEOPRENE SHAKESPERE VÖÐLUR 29.995.-

VEIÐIHNÍFAR 30%-50%

VIÐ ERUM VIÐ HLIÐINÁ DÝRARÍKINU



Sigríður Jóna Kristjánsdóttir og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. Mynd: Guðjón Ragnar Jónasson.

Sigga á Grund heiðruð

Það var hátíð haldin í Tré og List í Forsæti í Flóahreppi miðvikudaginn 7. sept. sl. Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson var kominn í heimsókn til að heiðra Sigríði Jónu Kristjánsdóttur eða Siggú á Grund og kynna list hennar. En Sigga hefur þróað listagáfu sína í yfir sjötíu ár.

Það voru frostrósir á glugga í Villingaholti sem fyrst fenguðu hug hennar svo var hún farin að fylgja föður sínum í vinnustofu hans barnung og skera út tólf ára gömul. Velgjörðarmaður hennar var baukasmiðurinn góði Jón Gunnarsson á Grund.

Guðmundur Oddur Kristjánsson eða Goddur Lista-prófessor fór yfir listasögu Siggú í upphafi heimsóknar forsetans og sagði frá því að hann væri að vinna að bók um Listasögu Siggú. Ólafur Sigurjónsson trésmiður og listamaður í Forsæti spilaði fallegan sálm á orgelið fræga úr Landakirkju í Vestmannaeyjum. Guðni Ágústsson setti hátíðina og bauð gesti velkomna fyrir hönd Siggú frænku sinnar. Hulda Kristjánsdóttir nýr sveitarstjóri í Flóahreppi ávarpaði og færði þeim Siggú og Ólafi blóm við þetta einstaka tækifæri. Forsetinn gekk síðan um safnið með Siggú og dásamaði verk hennar.

Ólafur Sigurjónsson fór yfir verk sín og foreldra sinna. For-

setinn sagði í viðtali við Morgunblaðið daginn eftir. „Svo var ég leystur út með góðri gjöf, spónum sem Sigga hafði gert af sínum hagleik, merktum mér

og Elízu. Maður segir eins og í gömlum sögum, mikils met ég gjafir þínar en meir þó vináttuna“.



Ólafur Sigurjónsson, Sigríður Jóna Kristjánsdóttir, Guðni Th. Jóhannesson og Guðni Ágústsson. Mynd: Guðjón Ragnar Jónasson.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþiðgerðir - Almennar raflagnir

ÁRBORG TAXI
482 1333
arborgtaxi@gmail.com

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfarapjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Öll almenn pípulagnavinna - www.pipulagnirjulla.is
ornja@bntnet.is - Sími 772 1456

TAXI SELFOSSI
482-3800

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is